



DET KONGELIGE
HELSE- OG OMSORGSDEPARTEMENT

Tilvísun yðar E 13_2021

Tilvísun yðar
Statsråden
21/3063-

Dagsetning
21. júní 2021

Varðar reglur um komur til Noregs

Vísað er til bréfs yðar, dags. 11. maí, sem hefur að geyma spurningar sem beint er til ríkisstjórnar Noregs.

Kórónuveiran, SARS-CoV-2, hefur breiðst út milli fólks frá árinu 2019 er orsök sjúkdómsins COVID-19. Í yfirlýsingu sem Alþjóðaheilbrigðisstofnunin gaf út 30. janúar 2020 kom fram að sjúkdómurinn COVID-19, sem þá hafði brotist út, væri atburður sem gæti haft alvarleg áhrif á lýðheilsu víða um heim. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin hefur jafnframt skilgreint smitið sem heimsfaraldur. Samkvæmt sóttvarnalögum er COVID-19 smitsjúkdómur sem ógnar almannaheill og smitið er skilgreint sem alvarlegt smit. Afar óvenjulegar aðstæður hafa skapast vegna sjúkdómsins og gripið hefur verið til ýmissa sóttvarnaráðstafana til að hefta útbreiðslu hans.

Stefna ríkisstjórnarinnar að því er varðar aðgerðir gegn COVID-19-farsóttinni er að hafa jafnan stjórn á útbreiðslu smitsins. Stjórn á útbreiðslu smits felur í sér að sjúkdómsbyrðin er lítil og sjúklingar hverju sinni ekki fleiri en heilbrigðiskerfið ræður við. Til að geta haft stjórn á COVID-19-farsóttinni skiptir öllu að hamla gegn því að smit berist inn í landið.

Miðstöð eftirlits með komum til Noregs (*Nasjonalt kontrollsen­ter for innreisende*) gegnir því mikilvæga hlutverki að létta álagi af sveitarfélögum að því er varðar eftirlit með þeim sem koma til Noregs frá öðrum löndum. Sá hópur er stærri en svo að yfirlæknar heilsugæslu sveitarfélaganna og vinnueftirlitið (Arbeidstilsynet) komist yfir að hafa samband við hvern einstakling. Miðstöðin hleypur því undir bagga með því að hafa samband við marga í hópi þeirra sem koma til landsins. Miðstöðin þarf að geta innt þjónustuna af hendi á nokkrum tungumálum, sent sjálfvirk smáskilaboð, haft beint samband við forgangshópa, leiðbeint um viðbrögð við einkennum o.fl.

Ákvæði um miðstöð eftirlits með komum til Noregs er að finna í 5. gr. c reglugerðar um COVID-19. Reglugerðin er m.a. sett með heimild í gr. 4-3 í sóttvarnalögum. Samkvæmt ákvæðinu er heimilt að gefa út reglugerðir til að vinna gegn því að smitsjúkdómar berist til landsins eða dreifist til annarra landa (reglur um sóttkví). Í reglugerðunum má einnig setja nánari kröfur að því er varðar rannsóknir, sóttþreinsun, skráningu upplýsinga um ferðir til og frá Noregi o.fl.

Af ákvæði reglugerðarinnar leiðir að miðstöð eftirlits með komum til landsins er heimilt að hafa samband við fólk sem kemur til Noregs frá svæði sem fellur undir skyldu um sóttkví samkvæmt fylgiskjali A og hefur skráð upplýsingar í komuskrá. Tilgangur miðstöðvarinnar er að hamla því að smit berist með fólki við komu til landsins með því að

veita upplýsingar um gildandi ákvæði um skimun og sóttkví og fylgjast með því að þau séu virt. Þá leiðir af annarri málsgrein greinarinnar að meðferð persónuupplýsinga hjá miðstöð eftirlits með komum til Noregs er á ábyrgð Helsedirektoratet (lýðheilsustofnunar) og að miðstöðinni er heimilt, án þess að þagnarskylda hindri, að afhenda Helsedirektoratet upplýsingar sem skráðar eru í samræmi við 5. gr. b. Helsedirektoratet er einnig heimilt, fyrir milligöngu miðstöðvarinnar, að afla upplýsinga úr smitsjúkdómaskrá um niðurstöður COVID-19-skimunar, sbr. áttundu málsgrein greinar 2-2 sóttvarnalaga. Starfsmenn miðstöðvarinnar eru bundnir þagnarskyldu samkvæmt lögum um heilbrigðisstarfsmenn.

Miðstöð eftirlits með komum til Noregs er heimilt að miðla nauðsynlegum upplýsingum, einnig frá ferðalöngunum sjálfum, til yfirlækna heilsugæslu sveitarfélaganna og vinnueftirlitsins til að tryggja fullnægjandi smitrakningu og að reglur um sóttkví séu virtar.

Það er á ábyrgð sveitarstjórnar, fyrir milligöngu yfirlæknis heilsugæslu sveitarfélags, að leita uppi, meta og meðhöndla smit af völdum COVID-19 í sveitarfélaginu. Miðstöðin hefur ekki upplýsingaskyldu gagnvart lögreglu. Það er á ábyrgð yfirlæknis heilsugæslu sveitarfélags að fylgjast með fólki sem hefur reynst smitað af COVID-19, annast smitrakningu og gangast fyrir sóttvarnaráðstöfunum, svo og að gera lögreglu viðvart eftir því sem við á. Það er einnig á ábyrgð yfirlæknis heilsugæslu sveitarfélags, auk lögreglu og vinnueftirlits, að fylgjast með brotum á ákvæðum um sóttkví.

Með bestu kveðju,



Bent Høie